



KENNARASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2019

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna frá mennta og menningarmálaráðherra.

KÍ telur frumvarpið til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna í heild vera til bóta miðað við gildandi lög um LÍN. Ákvæði um að lánþegar sem ljúka prófgráðu innan tilgreinds tíma geti fengið námsstyrk sem nemur 30% af höfuðstóli námsláns þeirra mun án efa koma mörgum námsmönnum til góða sem og ákvæði um námsstyrki vegna framfærslu barna lánþega. Heimildir lagadraganna um tímabundnar ívilnanir við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búa og starfa í brothættum byggðum sem og ívilnanir við endurgreiðslu námslána til lánþega vegna tiltekinna námsgreina, svo sem starfs- og verknáms og kennaranáms eru einnig jákvæð skref.

KÍ er hins vegar þeirrar skoðunar að nokkur atriði í frumvarpinu megi betur fara þegar meginmarkmið sjóðsins er haft í huga. Dæmi um það eru aukalán til látakanda sem eru í viðkvæmri félagslegri stöðu. Hér væri betra að veita styrki í stað lána. Þá hefur KÍ áhyggjur af vaxtakjörum sjóðsins. Breytilegir vextir hafa í för með sér aukna óvissu fyrir lánþega og kunna að hafa veruleg áhrif á greiðslubyrði lánanna við erfiðari efnahagslegar aðstæður en nú ríkja. KÍ leggur til að sett sé þak á nafnvexti bréfanna.

KÍ vill sérstaklega vekja athygli á að mikilvægt er að þriðja málsgrein, fimmta liðar um að lán sé ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi vinni ekki gegn aðgerðum mennta- og menningarmálaráðherra um launað stafs nám kennaranema og búið verði þannig um að aðgerðirnar og ný lög um SÍN rýri ekki kjör kennaranema.

Með kveðju

F. h. Kennarasambands Íslands

Anna María Gunnarsdóttir (sign)
Varformaður KÍ